

um endurskoðun laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason, Helgi Bergs, Sigurvin Einarsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna millipinganevnd til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera tillögur um breytingar á þeim, eftir því sem henni þykir ástæða til. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Félag íslenskra botnvörpuskipaæigenda. Enn fremur skal hún sérstaklega gera sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutatryggingasjóðs og aflatryggingasjóðs.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr rikissjóði.

Greinargerð.

Lög um hlutatryggingasjóð bátatrygginga voru sett árið 1949. Í stað þeirra voru sett lög um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins árið 1962. Þau höfðu í för með sér nokkrar breytingar á hinum eldri lagaákvæðum (um hlutatryggingasjóð), en aðalástæðan til hinnar nýju lagasetningar mun hafa verið sú, að veita þurfti togaraflotanum aðstoð og að þá þótti henta að veita hana að verulegu leyti sem aflatryggingu. Um heildarendurskoðun laganna var hins vegar varla að ræða í það sinn á þann hátt, sem æskilegt hefði verið.

Tekjur aflatryggingasjóðs eru nú samkvæmt lögnum 1¼% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (nema hval- og selaafurða) og framlag úr rikissjóði, sem nemur helmingi útflutningsgjaldsins. Sjóðurinn skiptist í síldveiðideild, almenna deild bátaraflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild, sem hefur það hlutverk að „veita hinum deildunum lán eða styrki, er svo stendur á“, eins og það er orðað í 3. gr. laganna.

Samkvæmt lögnum ber að skipta landinu í bótasvæði, veiðiskipum í flokka eftir stærð, veiðiútbúnaði o. fl. og árinu í bótatímabili. Reikna skal út meðalveiðimagn í hverjum flokki skipa á hverju bótasvæði á hverju veiðitímabili. Ef aflabrestur verður, skal skip, sem aflar 84% eða minna af meðalveiðimagni, fá bætur, sem nema 1—40% af því, sem á vantar, að það hafi meðalafli. Stjórn sjóðsins skipa 5 menn: fiskimálastjóri og 4 fulltrúar stéttasamtaka, og eru nú allir nema einn búsettir í Reykjavík og Hafnarfirði. Til að ákveða skiptingu í bótasvæði, skipaflokka og veiðitímabil þarf samþykki ráðherra og stéttasamtakanna.

Löggjöfin um þetta efni hefur oftast en einu sinni verið til umræðu á fiskiþingi og þar komið fram ýmsar tillögur til breytinga. Útgerðarmenn og sjómenn víðs vegar um land eiga talsvert erfitt með að fylgjast með starfsemi sjóðsins og starfsreglum. Stundum þykir afgreiðsla bóta ganga nokkuð seint, þótt fé sé fyrir hendi, og kann það að stafa að einhverju leyti af því, að útgerðarmenn geri sér ekki ljóst, að ætlazt sé til, að þeir sendi sjóðsstjórn eða umboðsmanni hennar aflaskýrslur, hvort sem sótt er um bætur eða ekki, og haldi, að skýrslur til annarra opinberra aðila nægi. Er það raunar vorkunarmál, því að skyldur til skýrslugjafar eru svo margar orðnar hér á landi, að leikmenn í skýrslugerð eiga fullt í fangi með að uppfylla þær allar. Á þessu ári hefur borið nokkuð á kvörtunum út af starfsemi sjóðsins, a. m. k. í sumum landshlutum. Þarf að athuga, hvort þær séu á rökum byggðar, og ef svo reynist, hvort göllum á lögnum sé þar um að kenna.

Það fyrirkomulag orkar tvímælis að láta bátatryggingu og togaraútgerð hafa sameiginlega aflatryggingu á þann hátt, sem lög frá 1962 gera ráð fyrir.

Með tilliti til þess, sem sagt hefur verið hér að framan, þykir tímabært, að nú fari fram gaumgæfileg athugun á 14 ára reynslu aflatrygginga hér á landi og að sem flestum, er hlut eiga að máli, verði gefinn kostur á að láta uppi álit sitt og færa rök fyrir nýmælum, sem uppi hafa verið og uppi kunna að verða, þegar endurskoðun er hafin. Það er stórmál fyrir þjóðfélagið að draga úr áhættu fiskveiðanna, eftir því sem unnt er og á skynsamlegan hátt, og þá ekki sízt með tilliti til þess, að hægt sé að hagnýta fiskimiðin sem víðast við landið, án þess að menn hljóti slík áföll, þegar illa árar á sjónum, að þeir bíði þess ekki bætur. Allmikið fjármagn er nú fengið aflatryggingasjóði í þessu skyni, en því meira sem það fjármagn er eða verður, því meira máli skiptir, að lagaákvæði um starfsemi hans séu sem raunhæfust og svo vel úr garði gerð sem unnt er.